



Þingeyjarsveit

590602-2610
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 - Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Laugar 15.06.2016

Efni: Bárðardalsvegur vestari nr. 842

638. mál

Á fundi sínum þann 8.júní sl. tók sveitarstjórn Þingeyjarsveitar fyrir neðangreint erindi:


Bárðardalsvegur vestari er í mjög slæmu ástandi, þar stendur grjótið í burðalaginu upp úr slitlaginu á köflum en samkvæmt upplýsingum frá Gunnari Bóassyni verkstjóra Vegagerðarinnar á Húsavík stendur einungis til að hefла og salta þann veg en engin áform munu vera uppi um að bæta efni í slitlagið þar. Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi ályktun vegna slæms ástands Bárðardalsvegar vestari.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar skorar á innanríkisráðherra, Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og þingmenn Norðausturkjördæmis að sjá til þess að fjármagni verði veitt til þess að bæta slitlag á Bárðardalsvegi vestari nr. 842 hið fyrsta og fyrirbyggja þannig að allur leir hreinsist af veginum með tilheyrandi slyshættu og eignatjóni.

Á næstu vikum er fyrirsjáanlegt að umferð mun stórukast í Bárðardal með auknum ferðamannastraumi, sérstaklega í kjölfar opunar Sprengisandsleiðar á næstunni.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju,


Sveitarstjóri
Þingeyjarsveitar

Dagbjört Jónsdóttir
Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar